



Alþingi  
Erindi nr. P 130/86  
komudagur 6 11/8603

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
b.t. Ágústs Geirs Ágústssonar nefndarritara  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2003

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.**

Með bréfi dagsettu 29. október sl. var Dómstólaráði sent til umsagnar framangreint frumvarp.

Dómstólaráð fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 31. október sl.

Dómstólaráð fer með hluta af stjórnýslu héraðsdómstólanna. Það er mat ráðsins að það eigi að jafnaði ekki að hafa áhrif á lagasetningu, þegar frá er talin réttarfarslöggjöf og löggjöf sem varðar skipulag og starfshætti dómstóla með einhverjum hætti.

Með vísan til framangreinds telur ráðið ekki ástæðu til þess taka efnislega afstöðu til frumvarpsins.

F.h. Dómstólaráðs

Elin Sigrún Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITID

Alþingi

Erindi nr. P 130/137

komudagur 17.11.2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

14. nóvember 2003


Tilvísun: 2003100059

## Frumvarp til samkeppnislaga, 9. mál, meðferð brota, verkaskipting o.fl.


Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 29. október sl., þar sem ofangreint frumvarp var sent Fjármálaeftirlitinu til umsagnar. Fjármálaeftirlitið gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITID



Páll Gunnar Pálsson



Hlynur Jónsson

Alþingi  
Erindi nr. P 130/216  
komudagur 20.11.2003

## Til Efnahags- og viðskiptanefndar alþingis

Reykjavík 18. nóvember 2003

### Umsögn stjórnar Kennarasambands Íslands um lagafrumvörp.

---

Þskj. 6 — 6. mál.

#### **Frumvarp til laga**

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Stjórn KÍ lýsir sig sammála frumvarpinu en varar þó við því að tekjur ríkisins séu skertar án þess að gripið verði til mótaðgerða sem tryggja að ekki þurfi að draga úr þjónustu hins opinbera við borgarana.

---

X 130. löggjafarþing 2003–2004.  
Þskj. 9 — 9. mál.

#### **Frumvarp til laga**

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

Stjórn KÍ lýsir sig sammála frumvarpinu.

---

130. löggjafarþing 2003–2004.  
Þskj. 11 — 11. mál.

#### **Frumvarp til laga**

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Stjórn KÍ lýsir sig sammála frumvarpinu.

---

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Kennarasambands Íslands

Eiríkur Jónsson  
formaður

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13  
108 REYKJAVÍK  
SÍMI 545 1200  
TELEFAX 545 1212  
ns@ns.is  
PÓSTHÓLF 8160  
128 REYKJAVÍK


Reykjavík 3. desember 2003

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum, 9. mál.**

Neytendasamtökin telja að samþykkt frumvarpsins verði til bóta og mæla með því að það verði samþykkt. Reynolds undanfarinna ára og síðustu missera sýnir að full þörf er á að breyta samkeppnislögum í þá veru sem lagt er til í frumvarpinu. Neytendasamtökin mæla því eindregið með því að frumvarpið verði samþykkt.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að senda umsögn um frumvarpið.

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendasamtakanna

  
Jóhannes Gunnarsson formaður

## Réttarfarsnefnd

Reykjavík, 19. nóvember 2003

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,  
Alþingi,  
150 Reykjavík.


Með bréfi yðar 29. október sl. var leitað umsagnar réttarfarsnefndar um frumvarp til laga um breyting á samkeppnislögum nr. 8/1993. Eftir athugun á frumvarpinu telur nefndin rétt að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

1. Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 40. gr. samkeppnislaga, en eins og ákvæðið hljóðar nú er mælt þar fyrir um heimildir samkeppnisstofnunar til að gera „nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis“. Í frumvarpinu er lagt til að heimild þessi verði gerð víðtækari, þannig að samkeppnisstofnun geti jafnframt gripið til slíkra aðgerða á heimilum stjórnenda fyrirtækja, auk þess sem orðfæri verði breytt þannig að rætt verði um húsleit í þessu sambandi. Réttarfarsnefnd er sammála þessum meginatriðum, sem frumvarpið felur í sér. Hún vill á hinn bóginn benda á að í frumvarpinu virðist vera dregið eitthvað úr skilyrðum fyrir aðgerðum sem þessum, því rætt er þar um að þetta megi gera ef „rökstuddur grunur liggur fyrir um brot“, en í núgildandi reglu er það skilyrði sett að „ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið“. Ekki verður séð af athugasemdum við frumvarpið hvaða ástæður geti verið fyrir þessari breytingu, en umdeilanlegt getur verið hvort efni séu til að gera hana. Þá vill nefndin einnig benda á að æskilegt væri að afmarka nánar hjá hvaða starfsmönnum fyrirtækis gera mætti húsleit eftir þessum heimildum, en hugtakið stjórnendur gæti í þessu sambandi gefið óþörf tilefni til álitamála.
2. Réttarfarsnefnd er í meginatriðum sammála þeirri stefnumörkun, sem ætla verður að búi að baki 2. gr. frumvarpsins, að samkeppnisyfirvöld fáist við rannsókn og beiti viðurlögum gagnvart lögaðilum (fyrirtækjum) með stjórnvaldssektum, en almennar reglur um meðferð opinberra mála gildi á hinn bóginn um rannsókn og saksókn að því er varðar refsiverð brot forráðamanna lögaðilanna. Nefndin telur á hinn bóginn umhugsunarvert hvort ákvæði 2. gr. frumvarpsins nægi til að marka nauðsynleg skil milli þessara tvenns konar aðgerða og til að leysa úr margvíslegum álitafnum, sem þessari aðgreiningu gætu fylgt. Í þessu sambandi má benda á að ráðgert er í 2. gr. frumvarpsins að samkeppnisstofnun yrði alltaf skylt að tilkynna ríkissaksóknara um mál, sem varða reglur IV. kafla samkeppnislaga, án þess að nokkru ætti að skipta hversu alvarleg brot kunni að vera eða hve líklegt væri að rannsókn gæti leitt til saksóknar á hendur tilteknum einstaklingum. Í frumvarpinu er jafnframt að virðist gengið út frá því að rannsókn færi fram á tveimur stöðum í senn og auk þess undir þeim formerkjum að samkeppnisstofnun væri skylt að gefa lögreglu upplýsingar um ný atriði máls jafnharðan og þau kæmu fram við rannsókn stofnunarinnar, en samsvarandi skylda virðist ekki vera ráðgerð að því er lögregluna varðar. Þá er til þess að líta að samkvæmt 39. gr. samkeppnislaga geta samkeppnisyfirvöld krafist fyrirtæki um allar upplýsingar, sem nauðsynlegar þykja, í tengslum við rannsókn máls. Vegna þessa getur sú staða komið upp að fyrirtæki geti ekki vikist undan því að láta í té upplýsingar, sem gætu varpað grun á það um samkeppnisbrot. Eftir 2. gr. frumvarpsins mundu slíkar upplýsingar þurfa að berast þeim, sem færi með rannsókn opinbers máls vegna sama brots. Á sviði opinberra mála gildir á hinn bóginn sú almenna regla að þeim, sem rannsókn beinist að, er aldrei skylt að láta í té upplýsingar. Þessi atriði ásamt ýmsum öðrum, sem ekki er ástæða til að tíunda hér frekar, gefa að mati nefndarinnar brýnt tilefni til að huga að því hvort ekki þurfi að

setja öllu ítarlegri reglur en hér er gert ráð fyrir um samspilið milli rannsóknar samkeppnisyfirvalda annars vegar og lögreglu hins vegar. Einnig er rétt að vekja athygli á því að í samkeppnislögum er nú þegar að finna ákvæði á eftir 50. gr., sem er auðkennt sem 50. gr. a., sbr. 15. gr. laga nr. 107/2000. Vætanlega væri ástæða til að taka nánar af skarið í upphafsorðum 2. gr. frumvarpsins um hvert númer nýrrar greinar ætti að vera.

3. Nefndin hefur engar ábendingar fram að færa um 3. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt,  
fyrir hönd réttarfarsnefndar



Markús Sigurbjörnsson.

BN/jhb

Reykjavík 12. nóvember 2003.

B.1224/2003.

## I.

Borist hefur til umsagnar frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 8/1993, 9. mál.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að lagðar séu til nokkar breytingar á samkeppnislögum „sem m.a. er ætlað að skýra og skerpa á verkaskiptingu og samskiptum milli Samkeppnisstofnunar og ríkislögreglustjóra vegna brota á samkeppnislögum auk þess sem brot fyrirtækja varða ekki lengur refsingum.”

Þegar samkeppnislög voru sett árið 1993 og samkeppnisvöldum veitt heimild til að beita stjórnvaldssektum vegna brota á lögnum fór hvorki fram fagleg athugun eða umræða um stjórnvaldssektir og samspil þeirra og annarra viðurlaga vegna brota á lögnum né um málsmeðferð vegna ætlaðra brota á lögnum. Tel ég að slík athugun þurfi að fara fram áður en gerðar verða frekari breytingar á ákvæðum samkeppnislaga sem lúta að viðurlögum og rannsókn og meðferð mála samkvæmt lögnum.

Ég er andvígur frumvarpinu sem fyrir liggur til umsagnar og tel ákvæði þess um málsmeðferð, sem koma fram í 2. gr. og að nokkru leyti í 3. gr. frumvarpsins, óheppileg og varla framkvæmanleg.

## II.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til samkeppnislaga á sínum tíma voru þær nýjungar sem felast í ákvæðum um stjórnvaldssektir skýrðar með eftirfarandi orðum:

„Nýmæli er í lögnum að samkeppnisráði er veitt heimild til þess að leggja á sektir vegna brota á samkeppnisreglum. Þetta er í samræmi við þróun í nágrannalöndunum og byggist á því hve samkeppnismál eru flókin og vandmeðfarin og því er talið rétt að þeir sem hafa sérþekkingu fái slíka heimild.”

Vegna þessarar skírskotunar til þróunar í nágrannalöndunum þykir rétt að horfa til þess hvernig málum er skipað á Norðurlöndum að þessu leyti:

**Danmörk.** Samkeppnisyfírvöld hafa ekki heimild til að beita stjórnvaldssektum en geta beitt dagsektum, sbr. konkurrenceloven nr. 539/2002. Refsingar vegna brota á lögnum eru sektir og má fella sektir jafnt á einstaklinga sem lögaðila.

**Noregur.** Samkeppnisyfírvöld hafa ekki heimild til að beita stjórnvaldssektum en geta beitt dagsektum, sbr. konkurranseloven nr. 65/1993. Refsingar vegna brota á lögnum eru sektir og fangelsi allt að 3 árum og allt að 6 árum í mjög alvarlegum tilvikum. Unnt er að fella sektir á lögaðila jafnt sem einstaklinga. Nýtt frumvarp til samkeppnislaga hefur verið lagt fram á þingi í Noregi og verður vikið að því hér á eftir.

**Svíþjóð.** Samkeppnisyfirvöld geta gert kröfu fyrir dómstóli, „Stockholms tingsrätt”, um að fyrirtæki verði gert að greiða gjald, „konkurrensskadeavgift”, vegna brota á samkeppnisreglum samkeppnislaga, sbr. konkurrenslag 1993:20. Um venjubundnar refsingar vegna brota á lögnum er ekki að ræða.

**Finnland.** Samkeppnisstofnun, „konkurrensverket” gat gert kröfu um að samkeppnisráð, „konkurrensrádet”, legði gjald, „páföljdsavgift”, á atvinnurekanda vegna tiltekinna brota á samkeppnislögum, sbr. lag om konkurrensbegrænsingar nr. 480/1992. Um venjubundnar refsingar vegna brota á samkeppnisreglum laganna er ekki að ræða. Með lögum nr. 1531/2001 voru lög um samkeppnisráð afnumin og verkefni ráðsins flutt til „Marknadsdomstolen”.

Samkvæmt framanröktu heimilar **Ísland** eitt Norðurlanda samkeppnisyfirvöldum að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á samkeppnislögum.

Ástæða þykir til að ítreka að brot á samkeppnisreglum samkeppnislaga sæta venjulegri refsimeðferð í Danmörku og í Noregi en í Svíþjóð og Finnlandi beita dómstólar eins konar stjórnvaldssektum samkvæmt kröfu samkeppnisyfirvalda og þá eingöngu gegn fyrirtæki eða atvinnurekanda (atvinnustarfsemi).

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til breytinga á samkeppnislögum sem varð að lögum nr. 107/2000 segir um breytingu á 52. gr. laganna m.a. þetta:

*„Í athugasemdum við frumvarp til gildandi samkeppnislaga sagði að stjórnvaldssektarákvæði laganna væri sniðið að EES-löggjöfni og þeim reglum sem gilda í EB. Þrátt fyrir þetta er efnisregla 52. gr. ekki að öllu leyti sambærileg við samkeppnisreglur EES-samningsins. Því er lagt til að 2. mgr. 52. gr. verði breytt í samræmi við framangreindar fyrirmyndir. Er í því sambandi sérstaklega höfð hliðsjón af 15. gr. bókunar 4 við samning EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Með þessari breytingu er stuðlað að því að sektarákvarðanir hér á landi verði í samræmi við það sem tíðkast erlendis.”*

Samkvæmt því sem ég hef rakið að framan má hins vegar ljóst vera að á öðrum Norðurlöndum, sem ýmist eru EB- eða EES-riki, hefur ekki verið talin ástæða til að taka upp ákvæði um stjórnvaldssektir í samkeppnislög, sambærileg þeim íslensku, til að stuðla að því að sektarákvarðanir „verði í samræmi við það sem tíðkast erlendis.”

### III.

Eins og getið var hér að framan hefur verið lagt fram á þjóðþingi Noregs frumvarp til nýrra samkeppnislaga, sbr. Ot.prp.nr. 6(2003-2004). Er ákvæðum um viðurlög þar skipað með áþekkingu hætti og í íslensku samkeppnislögunum. Gert er ráð fyrir að Samkeppnisstofnun, „Konkurransetilsynet”, geti lagt stjórnvaldssektir, „overtredelsesgebyr”, á fyrirtæki vegna ásetnings- og gáleysisbrota gegn tilteknum ákvæðum laganna. Þá er gert ráð fyrir að beita megi sektum og fangelsi allt að 3 árum, fangelsi allt að 6 árum í sérstaklega alvarlegum tilvikum, í venjubundnu refsímáli. Í norsku hegningarlögunum, sbr. §48a, er almennt ákvæði um refsíakvæðum fyrirtækja sem tekur jafnt til brota á samkeppnislögum sem brota á refsíakvæðum annarra laga.



Í umfjöllun, greinargerð, sem fylgir norska lagafrumvarpinu er fjallað um úrræði sem Samkeppnisstofnun getur gripið til vegna brota á bannákvæðum laganna og eru úrræðin eftirfarandi, sbr. „*Til §9 Konkurransetilsynets oppgaver*” í frumvarpinu:

1. Aðgerðir sem fela í sér bann eða fyrirmæli.
2. Dagektir.
3. Stjórnvaldssektir.
4. Kæra til lögreglu og ákærvalds.

Þá er um það fjallað í frumvarpsgögnum að æskilegt kunni að vera að setja reglur og leiðbeiningar, t.d. í formi kærureglugerðar, „anmeldelsesinstruks”, um hvaða mál skuli kæra og færa yfir til lögreglu og ákærvalds. Ekki verður séð í frumvarpsgögnum að nokkur ágreiningur sé um það hjá viðkomandi yfirvöldum í Noregi að mál vegna brota á samkeppnislögum skuli reka í einum farvegi, annað hvort hjá samkeppnisfyrvöldum eða hjá lögreglu og ákærvaldi eftir að kært hefur verið.

Ákvæðin í íslensku samkeppnislögunum um úrræði Samkeppnisstofnunar eru fullkomlega sambærileg þeim í norska frumvarpinu. Íslensk samkeppnisfyrvöld geta gripið til áðurnefndra úrræða gagnvart brotum á bannákvæðum laganna og sjálfsagt er og eðlilegt að mál verði rekin í einum farvegi hvort heldur hjá samkeppnisfyrvöldum eða lögreglu og ákærvaldi. Um þetta á ekki að þurfa ríkja ágreiningur en þó er skynsamlegt að setja reglur um hvenær samkeppnisfyrvöld skuli kæra til lögreglu eða ákærvalds ekki síst í þágu samræmis og jafnræðis við meðferð mála, sbr. til hliðsjónar VI. kafla reglugerðar nr. 373/2001 um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna.

Í greinargerð með umræddu frumvarpi til breytinga á samkeppnislögum segir hins vegar: „*Gert er ráð fyrir að rannsókn Samkeppnisstofnunar og ríkissaksóknara fari fram samhliða. Ekki er að sjá að slíkt geti falið í sér vandamál þar sem Samkeppnisstofnun og ríkissaksóknara er falið að rannsaka ólíka fleti þessara mála enda verða þessar rannsóknir að vera sjálfstæðar hvor á sinn hátt.*”

Bent er á að mjög líklegt er að slíkt fyrirkomulag sem lýst er með ofangreindum orðum og felst í 2. gr. frumvarpsins stríði gegn meginreglum um réttláta málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu nema Samkeppnisstofnun hagi meðferð máls í samræmi við reglur laga um meðferð opinberra mála.

Þá verður ekki séð hvaða „*ólíka fleti þessara mála*” Samkeppnisstofnun annars vegar og ríkissaksóknara hins vegar er falið að rannsaka enda eru brot sem fyrirtæki bera refsíabýrgð á ávallt drýgð af einstaklingum. Rannsókn hlýtur því óhjákvæmilega að beinast að háttsemi einstaklinga, einkum þeirra sem stýra fyrirtæki sem grunað er um brot á samkeppnislögum.

## III.

Með umræddu frumvarpi til breytinga á samkeppnislögum er lagt til að refsingar við brotum á ákvæðum laganna verði hertar og í greinargerð segir m.a. svo: „Þess má geta að víðast hvar á Norðurlöndum [.....] er gert ráð fyrir 5-6 ára fangelsi vegna brota á ákvæðum samkeppnislaga.”

Hér að framan var þess getið hvernig viðurlögum er hagað í samkeppnislögum annarra Norðurlanda. Einungis í Noregi er unnt að beita fangelsisrefsingu vegna brota á samkeppnislögum. Lýsing í greinargerðinni er því orðum aukin.

## IV.

Í tilefni af 1. gr. umrædds frumvarps tek ég fram að ég tel þörf á að endurskoða ákvæði samkeppnislaga um leit og haldlagningu og gera það skýrara. Eðlilegt er að í ákvæðinu komi afdráttarlaust fram hvort heimildin til leitar á starfsstöð fyrirtækis sé háð úrskurði dómstóls. Ennfremur tel ég rétt að tilgreina viðeigandi lagaákvæði í lögum um meðferð opinberra mála sem fylgja ber við framkvæmd leitar og haldlagningar sem fram fer samkvæmt samkeppnislögum en ekki vísa almennt til ákvæða um leit og haldlagningu í lögum um meðferð opinberra mála.

Með tilliti til reglunnar um réttláta málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu ber að gjalda varhuga við að heimila samkeppnisyfirvöldum leit á heimili stjórnanda fyrirtækis þegar hugsanlegt brot stjórnandans á samkeppnislögum getur varðað hann refsingu. Að sjálfsögðu kemur ekki til greina að veita samkeppnisyfirvöldum lagaheimild til leitar á heimili stjórnanda fyrirtækis nema samkvæmt dómsúrskurði og ennfremur sýnist eðlilegt að setja það skilyrði fyrir leitarheimild að sérstök ástæða sé til að ætla að á heimilinu sé að finna sönnunargögn í viðkomandi máli.



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

HS/

Rvk. 20.11.2003

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum, 9. mál.**

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum, 9. mál. Í frumvarpinu er lagt til að breytingar verði gerðar á 40. gr. laganna sem tekur til húsleitar og að tekið verði upp í lögina nýtt ákvæði um skyldu Samkeppnisstofnunar til að tilkynna ríkis-saksóknara ef grunur er um brot á ákvæðum laganna um bann við samkeppnis-hömlum. Þá er lögð til breyting á refsíákvæðum laganna.

Samtök atvinnulífsins telja afar mikilvægt að samkeppnislög stuðli að virkri samkeppni og að hér á landi gildi sambærileg samkeppnisskilyrði og leikreglur eins og annars staðar. SA hefur lagt á það höfuðáherslu að tilgangur samkeppnislaga og samkeppniseftirlits sé að vinna gegn misnotkun á markaðsráðandi stöðu og sjá til þess að opinber afskipti trufla ekki samkeppnisstöðu. Samtökin telja að brýn nauðsyn sé á að samkeppnislögin verði tekin til endurskoðunar og hafa gert ítarlegar tillögur um breytingar á einstökum ákvæðum laganna. Vísast um þær til skýrslu samkeppnis lagahóps SA, Samkeppnishæf samkeppnislög sem gefin var út í maí 2002 og hefur einnig að geyma umfjöllun um íslensk samkeppnislög samanborið við reglur Evrópuréttarins og löggjöf nágrannaríkja.

Fyrirliggjandi frumvarp tekur aðeins til mjög afmarkaðra þátta og víkur ekki að þeim meginatriðum sem gagnrýni SA beinist að. Það er að hækka þurfi viðmiðunarmörk vegna samráðsbrot (minniháttarreglu 13. gr.) sem gæfi minni aðilum betra færi á að veita stærri aðilum samkeppni og auka með því samkeppni á markaðinum. Einnig að veltumörk fyrir tilkynningarskyldan samruna fyrirtækja (18. gr.) þurfi að hækka til samræmis við það sem gerist annars staðar. Ekki er heldur vikið að öðrum tillögum sem fram koma í fyrrgreindri skýrslu svo sem að samkeppnisyfirkvöld skuli leggja aukna áherslu á leiðbeiningar og fræðslu.

**Um húsleit**

Í skýrslu SA er m.a. að finna ítarlegan kafla um húsleit þar sem lagt er til að settar verði skýrar reglur um heimild til húsleitar og um framkvæmd slíkrar leitar. Reynslan hefur sýnt að núgildandi ákvæði eru ófullnægjandi. Ekki er viðunandi að beitt sé sömu reglum um húsleit vegna samkeppnislagabrot og almennt gilda samkvæmt lögum um

meðferð opinberra mála. Það hefur einnig sýnt sig að réttaröryggi starfsmanna og fyrirtækja er ekki nægjanlega tryggt þrátt fyrir að krafist sé dómsúrskurðar. Hér þarf því að setja sérstakar reglur. Hafa þarf í huga að það eru mjög afmarkaðar upplýsingar sem samkeppnisyfirvöld eru að leita að og heimildir umfram það því óþarfar.

Vegna endurskoðunar laga um meðferð opinberra mála töldu Samtök atvinnulífsins ástæðu til að vekja athygli réttarfarsnefndar á þeim vanköntum sem varða húsleit í fyrirtækjum við rannsókn samkeppnismála með bréfi í desember 2002. Þar er lýst þeirri afstöðu Samtaka atvinnulífsins að með tilliti til réttaröryggis og gagnsæis þurfi reglur af þessu tagi að vera lögfestar. Samtökin telji því nauðsynlegt að endurskoða reglur um haldlagningu og leit í lögum um meðferð opinberra mála með tilliti til þessa.

Í skýrslu SA er meðal annars vísað til reglna um heimildir Eftirlitsstofnunar EFTA, sbr. 13. og 14. gr. reglugerðar EB nr. 17/62 og ákvæði XI. kafla samkeppnislaga um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahags-svæðið sem hafa að geyma skýrar reglur um gerð rannsóknarinnar, svo sem hvers efnis ákvörðun skal vera, hver megi gera rannsókn, umboð leitarmanna, hvaða gögn heimilt er að skoða o.fl. Bent er á að eðlilegt sé að samsvarandi reglur gildi um húsleitir samkeppnisstofnunar skv. 40. gr. samkeppnislaga. Á þeim atriðum er ekki tekið í frumvarpinu.

Ný reglugerð Evrópusambandsins, nr. 7/2003, mun leysa reglugerð nr. 17/62 af hólmi á næsta ári. Í 21. gr. hennar er framkvæmdastjórninni undir tilteknum kringumstæðum og að fullnægðum ákveðnum skilyrðum heimilað að fyrirskipa vettvangsrannsókn utan fyrirtækis, þar á meðal á heimilum stjórnenda. Heimildin er þrengri en þegar um er að ræða húsleit í starfsstöðvum fyrirtækis. Þá sætir ákvörðun um slíka húsleit utan starfsstöðvar endurskoðun Evrópudómstólsins. Tilvísun í greinargerð til þessarar nýju reglugerðar ESB er villandi þar sem gefið er til kynna að um opna heimild sé að ræða fyrir samkeppnisyfirvöld til að fara inn á heimili stjórnenda eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ákvæði reglugerðarinnar munu kalla á endurskoðun á XI kafla samkeppnislaga og þá 42. gr. um heimildir eftirlitsstofnunar EFTA til vettvangsrannsókna. Því verður ekki séð að fyrrnefnd ákvæði reglugerðarinnar kalli á endurskoðun 40. gr. samkeppnislaga. SA telur rétt að biða gildistöku þessara nýju reglna á Evrópska efnahagssvæðinu og innleiðingar reglugerðarinnar í heild.

Sú breyting sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins felur í sér að Samkeppnisstofnun verður gert kleift að leita á heimilum stjórnenda fyrirtækja að gögnum á grnndvelli sömu skilyrða og gilda um húsleit í starfsstöð fyrirtækisins. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er það eftirlátið dómstólum að ákveða hverjir séu stjórnendur fyrirtækja í þessu sambandi og hvað teljist heimili þeirra. Aðra skýringu er ekki að finna í greinargerð með frumvarpinu. Þegar texti frumvarpsins er skoðaður virðist þó vera um að ræða víðari heimild til húsleitar í fyrirtækjum en er samkvæmt núgildandi lögum sem veita heimild til að gera "nauðsynlegar athuganir á starfsstöð fyrirtækis". Þessi breyting á orðalagi er ekki skýrð í frumvarpinu. Þegar litið er til þess hve heimildin er opin og einnig þess að ómögulegt virðist að fá framkvæmd húsleitar samkeppnisstofnunar endurskoðaða af dómstólum er ástæða til að efast um að réttaröryggi starfsmanna sé nægjanlega tryggt. Þá verður einnig að horfa til heimilda lögreglu við rannsókn máls. Með skírskotun til þess er dregið í efa að þörf sé á heimild sem þessari í samkeppnislögum. Ef litið er til samkeppnislaga hinna Norðurlandanna veita samkeppnislög ekki sérstaka heimild til húsleitar á heimilum stjórnenda að frátöldum norsku lögum.

## Um verkaskiptingu Samkeppnisstofnunar og ríkislögreglustjóra og refsingar


Með 2. gr. frumvarpsins er ætlunin að skýra og skerpa á verkaskiptingu og samskiptum milli Samkeppnisstofnunar og ríkislögreglustjóra vegna brota á samkeppnislögum með því að samkeppnisstofnun tilkynni ríkissaksóknara án tafar um málið, ásamt gögnum sem rökstyðja það. Samkeppnisstofnun skal veita honum aðgang að nýjum gögnum jafnharðan og þeirra er aflað, eftir að tilkynning um að rökstuddur grunur hafi vaknað um refsivert brot hefur verið send ríkissaksóknara og hann ákveðið að hefja rannsókn. Ríkissaksóknari metur hvort og hvenær ástæða er til hefja opinbera rannsókn á ætluðum refsiverðum brotum einstaklinga á samkeppnislögum. Þá er í 3. gr. lagt til að refsíabyrgð fyrirtækja verði afnumin og refsíabyrgð einstaklinga þyngd en jafnframt takmörkuð við brot á IV. kafla laganna sem hefur að geyma ákvæði um bann við samkeppnishömlum.

Eitt af því sem Samtök atvinnulífsins bentu á í skýrslu sinni var að skoða þyrfti betur tengsl, annars vegar stjórnsýslusekta og hins vegar refsiviðurlaga í samkeppnislögum. Á því er að vissu leyti tekið i frumvarpinu. Það er hins vegar álit SA að skoða þurfi tengsl viðurlaga og rannsóknar Samkeppnisstofnunar og almennra refsivörsluaðila í þjóðfélaginu, þ.e. lögreglu og ríkissaksóknara í víðara samhengi. Almennt séð getur ekki talist heppilegt að verið sé að rannsaka sama mál á fleiri en einum stað á sama tíma án þess að ljóst sé hver sé að skoða hvaða þátt. Bæði er að viðurlög verða ekki ákveðin á tveimur stöðum fyrir sama brot auk þess sem réttarstaða sama manns er afar óljós ef hann er eftir atvikum bæði vitni og sakborningur í sama máli. Þá efast SA um að refsíheimildir frumvarpsins og þá jafnframt núgildandi refsíheimildir samkeppnislaga geti talist gildar refsíheimildir þar sem þær standist ekki kröfur um afmörkun og skýrleika. Um fésektir eða fangelsi einstaklinga eigi að fara samkvæmt almennum hegningarlögum. Nauðsynlegt er því að endurskoða þessi ákvæði í heild sinni.

SA bendir jafnframt á að á vegum viðskiptaráðuneytisins er starfandi nefnd sem mun ætlað að skoða og setja fram tillögur um samskipti Samkeppnisstofnunar og lögreglu þegar brot á samkeppnislögum eru til rannsóknar auk þess sem lög um meðferð opinberra mála eru til skoðunar í réttarfarsnefnd. Eðlilegt er því að bíða niðurstöðu þessarar aðila og hefja jafnframt heildarendurskoðun samkeppnislaga sem tæki til allra fyrrgreindra þátta.

Samtök atvinnulífsins telja því rétt að bíða þeirrar endurskoðunar og grípa ekki nú til breytinga á einstökum ákvæðum laganna. Samtökin mæla því gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur

Alþingi  
Erindi nr. P 130/239  
komudagur 20.11.2003



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. nóvember 2003

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum, 9. mál.**

Samtök iðnaðarins leggjast gegn samþykkt ofangreinds frumvarps.

Samkeppnislögin eru ein mikilvægustu lögin sem gilda um íslenskt atvinnulíf og því afar brýnt að þau séu vönduð, skapi grundvöll að heilbrigðri samkeppni, veiti nauðsynlegt rúm til athafna en tryggji að sama skapi yfirvöldum tækifæri til inngripa þegar grundvallarreglur eru brotnar.

Samtök iðnaðarins hafa oftar en ekki gagnrýnt margt í núverandi samkeppnislögum. Samtökin höfðu m.a. frumkvæði að því árið 1998 að þrenn samtök í atvinnulífi, SI, VSÍ og VÍ rituðu viðskiptaráðherra bréf og óskuðu eftir því að hann setti á fót nefnd til þess að gera tillögur um endurskoðun samkeppnislaga, sem þá voru fimm ára. Nefndin var að störfum í eitt ár og skilaði greinargerð til ráðherra þann 1. nóvember 1999. Því miður voru niðurstöður hennar að mestu hunsaðar við endurskoðun laganna í kjölfarið á vorþingi 2000.

Á vettvangi Samtaka atvinnulífsins var unnin mjög ítarleg skýrsla *Samkeppnishæf samkeppnislög* sem kom út vorið 2002. Samtök iðnaðarins tóku þátt í gerð þeirrar skýrslu. Þar er að finna samanburð við samkeppnilög annarra landa og settar fram tillögur til úrbóta á íslenskum samkeppnislögum.

Samtök iðnaðarins telja mjög óheppilegt að taka einstaka þætti samkeppnislaganna og breyta þeim án þess að fram fari heildstæð endurskoðun. Þá er rétt að benda á að samtímis því að þetta frumvarp er lagt fram er réttarfarsnefnd að skoða atriði er lúta að húsleit við rannsókn samkeppnismála. Auk þess er að störfum nefnd á vegum viðskiptaráðherra sem er ætlað að skoða og setja fram tillögur er lúta að samskiptum samkeppnisstofnunar og lögreglu þegar brot á samkeppnislögum eru til rannsóknar.

Samtök iðnaðarins telja rétt að bíða niðurstaðna úr þessu starfi og hefja síðan heildarendurskoðun sem tekur til allra þátta málsins. Ekki er tekin efnisleg afstaða til einstakra þátta frumvarpsins en Samtök iðnaðarins vísa að öðru leyti til umsagnar Samtaka atvinnulífsins um sama þingmál.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Jón Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/217*  
*komudagur 20.11.2003*



**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Ágúst Geirs Ágústssonar, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

**VERSLUNARRÁÐ**  
**ÍSLANDS**

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Reykjavík, 18. nóvember 2003.

**Efni: Frv. til I. um br. á samkl. nr. 8/1993 (9. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð getur ekki tekið undir sjónarmið þau sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu og telur frumvarpið ekki til þess fallið að skýra þau ákvæði samkeppnislaga sem hugsanlega eru óskýr í dag. Þá telur ráðið frumvarpið bera með sér að það sé sett fram af fljótfærni. Þannig eru nokkur ákvæði frumvarpsins með þeim hætti að ekki verður séð annað en að verið sé að bregðast við fjölmiðlaumfjöllun síðustu missera frekar en að fyrir liggi lögfræðileg rök um nauðsyn breytinga. Má sem dæmi nefna 3. gr., a-lið. Einnig verður að telja búning frumvarpsins ekki heppilegan að því leyti að í greinargerð er ekki gerð grein fyrir einstökum ákvæðum frumvarpsins sérstaklega, og þeim orðalagsbreytingum sem þau gera ráð fyrir, svo sem æskilegt væri í svo viðmiklu frumvarpi.

Verslunarráð leggst gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Asthildur Andersen.

*Póstáritun:*  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: [mottaka@chamber.is](mailto:mottaka@chamber.is)  
Website: [www.chamber.is](http://www.chamber.is)